

# Aðalfundur Félags Tölvunarfræðinga 2011

Aðalfundur Félags Tölvunarfræðinga, haldinn þann 19. maí 2011 í kjallara húss Verkfræðinga að Engjateig 9.

Mæting: Sjá gestalista í gestabók

## Dagskrá aðalfundar FT fór fram samkvæmt 9. grein laga FT.

1. Skýrsla um störf félagsins á liðnu starfsári.
2. Reikningsskil
3. Lagabreytingar
4. Kosning stjórnar og varamanna
5. Kosning skoðunarmanna
6. Ákvörðun félagsgjalda
7. Önnur mál.

Fundur settur. Ólafur Tr. Þorsteinsson, formaður FT, setti fundinn, bauð gesti velkomna.

Stungið var upp á Björgvini Áskelssyni, sem fundarstjóra. Það var samþykkt.

Stungið var upp á Einari Indriðasyni, sem fundarritar. Það var samþykkt.

Hófust aðalfundarstörf eftir settri dagskrá.

### 1 – Skýrsla stjórnar.

Ólafur Tr. Þorsteinsson steig í pontu og las skýrslu stjórnar. [Sjá viðhengi I]

Ólafur lauk máli sínu með því að segja að þetta væri orðið gott, og myndi ekki gefa kost á sér til formanns FT.

Var Ólafi þakkað fyrir starf sitt fyrir FT með góðu lófataki.

### 2 – Reikningsskil

Svavar Svavarsson, gjaldkeri FT, las upp reikninga FT. [Sjá viðhengi II]

Eftir lestur voru umræður um reikningana, og staka liði. Birna Guðmundsdóttir kom með fyrirspurn: “Hvað er þetta 190.000,- IKR dæmi”? Svar við því er: Stjórnardinner fyrir stjórn og maka.

Fyrirspurn utan úr sal: Hví munar svona á innheimtum félagsgjöldum á milli 2007-2008 og nú? Stafar (að öllum líkindum) af mismunandi dagsetningum, bæði á aðalfundi og útsendum greiðsluseðlum. Önnur skýring er að mismunandi reglur um afskriftir hafa verið notaðar, á innheimtu félagsgjalda.

Fyrirspurn utan úr sal: Hvað er þetta “annað”? Þetta er fyrst og fremst ráðstefna FT frá því í fyrra, 2010.

Umræða utan úr sal: Ekki lengur auðveldur aðgangur að lista yfir fólk í námi í HR / HÍ, og því erfiðara að ná til nemenda í tölvunarfræði. Það mætti jafnvel fara í enn meiri samvinnu við nemendafélögin Nörd og Tvíund.

Reikningar FT bornir upp til samþykktar. Samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

### 3 – Lagabreytingar

Engar tillögur að lagabreytingum bárust skriflega inn á aðalfund FT, og því engar breytingar. Lög FT standa því óbreytt eins og þau eru í dag. [Sjá viðhengi III]

### 4 – Kosning stjórnar og varamanna

Kosning stjórnar og varamanna skiptist í nokkra hluta.

a) Formaður. Formaður FT 2010-2011, Ólafur Þorsteinsson, gefur ekki kost á sér aftur. Óskað var því eftir nýjum framboðum til formanns. Birna Guðmundsdóttir gaf kost á sér. Aðrir gáfu ekki kost á sér. Birna var því kosin formaður FT, með öllum greiddum atkvæðum (með handauppréttingu).

b) Stjórn.

2 aðilar gefa ekki kost á sér í áframhaldandi setu í stjórn FT sem stjórnarmaður eða varamaður: Halla Einarsdóttir, Jón Viðar Þorsteinsson.

3 aðilar gefa kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn FT sem stjórnarmaður eða varamaður: Monica Roismann, Svavar Svavarsson, Ólafur Kristinsson.

Stungið var upp á Auði Ösp Jónsdóttur í stjórn FT. Ekkert mótframboð, og hún því komin í stjórn FT.

c) Varamenn

Halla Einarsdóttir býður sig fram sem varamann. (Semsagt, vísu sæti úr stjórn, sem aðalmaður, en verður varamaður).

Steingrímur Jónsson býður sig fram líka, sem varamann.

Fleiri framboð í varamann stjórnar FT komu ekki. Þau eru því varamenn í stjórn FT árið 2011-2012. Halla Einarsdóttir, Steingrímur Jónsson

### 5 – Kosning skoðunarmanna

Tillaga að skoðunarmönnum: Kjartan R. Guðmundsson og Ívar Gunnarsson.

Aðrir aðilar voru ekki nefndir. Með handauppréttingu og lófaklappi voru þeir Kjartan og Ívar valdir sem skoðunarmenn FT.

### 6 – Ákvörðun félagsgjalda

Tvær tillögur að félagsgjöldum bárust.

a) Óbreytt, krónur 3.000,- IKR á ári, borin fram af Einari Indriðason

b) Lækka félagsgjöld niður í 2.500,- IKR, borin fram af Björgvini Áskelssyni

Gengið til atkvæða, og byrjað á þeirri uppástungu sem gengur lengra, 2.500,- IKR. Þar komu 3 atkvæði.

Gengið til atkvæða um óbreytt félagsgjöld, 3.000,- IKR. Þar lyftust allar hendur á loft, nema 3. Samþykkt því að hafa félagsgjöld FT óbreytt 2011-2021, krónur 3.000,- IKR.

## 7 – Önnur mál

a) Fyrstur til að biðja um orðið var Einar Indriðason. Hann talaði um stéttarfélag tölvunarfræðinga, ST. Hvatti fólk til að skoða málið. Fara á <http://sv.is>, og skipta um í huganum út orðinu “verkfræðingur” með “tölvunarfræðingur”. Það er verið að vinna í heimasíðu fyrir ST. Ekki hægt að nota ST.is, það er frátekið fyrir “Seafood Trading”. Orlofssjóður, sjúkrasjóður, lögfræðingaaðstoð nefnt sem kostur. Þarf að safna fleiri í ST, til að ríkið vilji semja við ST. Hvatti fólk til að skoða í kringum sig, hvort það, eða fólk í kringum það, myndi vilja koma í ST.

b) Nýnemar. Það þyrfti að reyna að tala við fleiri nýnema. Háskólarnir eru orðnir tregir til að senda FT lista sjálfkrafa yfir þá sem eru útskrifaðir. Ástæðan er persónuvernd. HR er þó liðugra að svara heldur en HÍ.

Spurning um að reyna að tala beint við nemendafélögin, Nörd, og Tvíund, og taka upp meira samstarf við þau. Eins mætti athuga með að tala við tölvunarfræðinga, sem vinna hjá háskólunum, og gá hvort þeir togi í spotta í þeim tímum sem þeir kenna. (Sérstaklega nefndir: Björn Þór í HR, og Hjálmtýr Hafsteinsson í HÍ).

FT (og ST jafnvel í samvinnu) gætu hugsanlega mætt í háskólana og kynnt sig. Hvort sem það væri bara sér viðburður í samvinnu við skólana, eða fengið að kíkja í kenslustundir. Jafnvel bara 5 mínútur fyrir kennslutímann. Helst væri að reyna að ná í fólk, strax á 1. ári, áður en hópurinn dettur í sundur.

Eins mætti hugleiða það að bjóða nýnemum í vísindaferðir og kynningar.

Nefnt sem þæling, að bjóða nemendum frían aðgang að FT. Hugsanlega þyrfti lagabreytingu til þess, samt.

c) Heimasíðan. Spurning hvort utanaðkomandi aðili ætti að sjá um síðuna? Það þarf líka meira innihald, ekki bara laga útlitið. Hvað er það sem heimasíða FT ætti að hafa, sem google svarar ekki? FT er jú fagfélag.

Hugmynd að því sem mætti vera á vefsíðu FT: fundargerðir og frásagnir af því sem gert hefur verið / viðburðir. Svona álíka og “Bitinn” var hér í eina tíð, með sögur af því sem hafði gerst.

d) Gunnar Hallsson tjáði sig um ST líka. Hann nefndi sem gulrætur: Orlofssjóð, sjúkrasjóð, lögfræðiaðstoð (og það eru aukin dæmi að þess þurfi, eftir 2008). ST kostar í dag 2.200,- IKR per mánuð, óháð innkomu eða tekjum. Það er opin, og virk, skrifstofa (í samvinnu við Verkfræðinga og Tæknifræðinga). 70 aðilar borga til ST í dag.

e) Oddur Þór Þorkelsson opnaði mál varðandi kjarakönnun FT. Það er áhugi á kjarakönnun FT hjá ST. Hnykkst á því að kjarakönnun FT er eingöngu ætluð fyrir félagsmenn, til að semja við atvinnurekendur. Kjarakönnun FT er **EKKI** ætluð fyrir atvinnurekendur til að sjá hvað þeir geta lamið launin langt niður. Hugsanleg samvinna milli ST og kjarakönnunar FT? Jafnvel að fara í samvinnu við Verkfræðinga, varðandi kjarakönnun FT? Hugsanlega með úrvinnslu eða útfærslu. Þetta er amk mál sem þarf að skoða, gagnvart FT, ST og svo skrifstofu ST/Verkfræðinga. Á heimasíðu FT þarf að vera betri linkur / augljósara / sjáanlegra dæmi fyrir ST.

f) Hvernig á að logga sig inn á heimasíðu FT? Hvað á að vera bak við læstar dyr þar? Stillingar á vefköngum, heimilisföngum, og svo framvegis? Hvað með net-aðgang að kjarakönnun? Aðgangsorð verður sent út fljótlega, ætlað til almennra meðlima.

g) Hvað hafa margir útskrifast frá HÍ og HR? Vantar erlendar útskriftir.

h) Er FT með fréttabréf? Nei, ekki lengur. Var með það einu sinni, kölluðust “bitar”. Pappírssendingar hafa verið lagðar niður, fyrir utan aðalfundarboð og kjarabitann. “Bitar” eru eitthvað sem jafnvel mætti eiga heima á ft.is

Fleiri önnur mál komu ekki upp.

Fundarstjóri sleit því fundi, og bauð fólki upp á hressingu.

Fundargerð rituð: Einar Indriðason, 29. maí, 2011.

# Viðhengi I – skýrsla stjórnar – flutt af Ólafi Tr. Þorsteinssyni:

Aðalfundur FT 2011

Skýrsla formanns

Kæru tölvunarfræðingar, velkomin á Aðalfund Félags tölvunarfræðinga 2011.

Nú starfsárið er liðið og enn einn Aðalfundurinn er hafinn.

Starfið

Ýmislegt hefur gerst en starfsemin á liðnu ári var skrykkjótt.

Félagar á skrá eru alls um það bil 900 en þar af eru gildir félagar 386. Stjórnin er að klára útsendingu á bréfi til félagsmanna með upplýsingum um aðgang þeirra á síðu félagsins. Þetta vonum við að dugi til að fá félagsmenn til að uppfæra sínar persónuupplýsingar svo betur náist til þeirra.

Meðlimir í hópi okkar í Vinamó, sem er nýyrði yfir Facebook sem mér líkar, eru núna 448. Það er fjölgun úr 401 í fyrra. Þarna er farið að bera meira á starfsauglýsingum og viðburðatilkynningum en áður var og er það vel. Enn sem fyrr eru þarna þónokkrar auglýsingar vegna starfa erlendis. Búið er að hafa samband við útskriftarnema og til stendur að endurtaka það í von um að ná til sem flestra nýrra Tölvunarfræðinga.

Stjórnin kom saman til fundar einungis 6 sinnum á árinu að frátöldum stjórnardinner og þessum Aðalfundi.

26. október var fyrsti eiginlegi viðburðurinn á starfsárinu. Þetta var samlokufundur.

Fyrirlesari var Ingibjörg Gréta Gísladóttir frá Hugmyndahúsi Háskólanna.

Hún lýsti fyrir okkur þeirri öflugum starfsemi sem þau standa fyrir og þeim fjölmörgu verkefnum sem þar líta dagsins ljós.

9. nóvember var samlokufundur þar sem Halldór Benjamín Hreinsson frá Íslandspósti

kom og kynnti okkur Möppuna sem er ný þjónusta sem er í burðarliðnum hjá Póstinum.

11. nóvember fylgdum við samlokufundi Ingibjargar Grétu í Hugmyndahúsinu eftir

með heimsókn til þeirra. Þessi heimsókn var í raun bara fiáskó. Ingibjörg gleymdi okkur og þátttaka var lítil. Samt var þetta gaman og fróðlegt sjá aðstöðuna hjá þeim.

23. nóvember kom Steinþór Bjarnason á samlokufund. Hann starfar hjá Cisco

Innovation Consulting Team í Noregi. Steinþór sagði okkur frá því hvernig Cisco sér tækniþróunina verða næstu 10 ár.

4. febrúar heimsóttum við Sprett-Marimó og kynntumst þeirra starfsemi. Við fengum

góða kynningu á hvernig þau nota Agile/Scrum og hvernig þeir móta sína verkferla í sífellu.

30 mars héldum við ráðstefnu sem við kölluðum Léttskýjað og fjallaði um Cloud

Computing. Þessi ráðstefna var vel sótt og tókst afar vel.

27. apríl kom Stefán Freyr Stefánsson frá HR og kynnti fyrir okkur kafbátaverkefni

þeirra. Fantaskemmtilegur fyrirlestur um kafbát sem Háskólinn í Reykjavík er að hanna og fer á næstu dögum til San Diego til að keppa í alþjóðlegri keppni sjálfstýrðra kafbáta.

19. maí lýkur svo starfsárinu með Aðalfundi.

Vefurinn

Lítil þróun hefur verið á vef okkar fyrir utan ágætis átak Jóns Viðars núna á vordögum. Fundargerðir fyrri ára mjatlast inn í rólegheitum og ef einhver hefur eitthvert efni sem á erindi á vefinn eða ábendingar um hvað þar á heima þá óskum við eftir ábendingum.

Engar tillögur hafa borist frá félögum um efni eða umfang vefsins en vonandi náum við að kveikja áhuga því vefurinn hefur þó þann kost umfram Vinamó að þar getum við haft efni sem eingöngu gildir félagmenn eiga að hafa aðgang að.

Við héldum uppteknum hætti að senda ekki út neinn pappír og notast eingöngu við

rafrænar boðleiðir fyrir utan dreifibréfið sem stjórnin er um það bil að senda út. Það eru fáein dæmi um að menn hafa kvartað undan of miklum sendingum frá okkur og hugsanlega ein eða tvær úrsagnir úr félaginu vegna þessa. Það er verr.

“Kláraðist ekki” hlutinn

Í kaflanum sem ég kys að kalla „Kláraðis ekki“ eru ekki margir hlutir. Einhverjir samlokufundir sem áttu að komast á dagskrá gerðu það ekki og sama gildir um að minnsta kosti eina heimsókn.

Við gerðum ekki aðra tilraun til að halda Nördakvöld en mér finnst hugmyndin enn svo skemmtilega að mér finnst að það þurfið að halda henni til streitu.

Annað

Kjarakönnun var gerð í upphafi árs og niðurstöður verða kynntar hér á fundinum á eftir að venju.

Að lokum

Þegar ég var í gaggó var ég sendur eins og hver annar vandræðaunglingur til þess dásamlega fólks sem þá rak Hlíðardalsskóla. Á meðal kennaranna þar var einn sem heitir Erling B. Snorrason. Hann kenndi mér meðal annars stærðfræði. Hann fann að ég hafði áhuga og dundaði sér við að kenna mér ýmislegt sem var utan við námsefnið á hverjum tíma. Meðal þess sem hann kenndi mér var að skilja önnur talnakerfi en tugakerfið. Það fyrsta sem hann kenndi mér var tvíundarkerfið áður en hann lagði út í hex og áttundarkerfi. Þegar ég loks skildi tvíund sá ég í hendi mér að nú kynni ég megnið af því sem ég þurfti til að tileinka mér galdra þessara tölva sem ég var farinn að fréttu af. Sjálfsagt þyrfti að bæta lítils háttar við en það gæti ekki verið mikið. Þetta var 1974 og ég þá fjórtán ára. Það kom á daginn að þetta var ekki alls kostar rétt, ég þurfti að bæta við mig. Það sem Erling gerði var að kynda undir þeim neista sem kominn var hjá mér að læra meira og stefna inn á það svið sem ég endaði á. Seinna, þegar ég var kominn í hóp snillinga í MH í áfanga sem kallaður var Hálfleiðarar,

kom endanlega á daginn að ég átti langt í land með að kunna þetta allt. Að loknum þeim áfanga sagði kennarinn mér að ég ætti að hugsa um starfsferil sem ekki krefðist tækniskilnings. Þarna var á ferðinni kennari sem fór ansi nærri því að slökkva þann áhuga sem ég hafði á upplýsingatækni og drekkja honum í efa um að ég réði við þessa hluti. Ég er ánægður með að ég náði að hrista þessar úrtölur af mér og enda með að starfa með fólki eins og því sem hér er saman komið. Það er mín skoðun að það sé hluti af tilveru Félagsins að hlúa að þeim neista sem í tölvunarfræðingum býr og upplýsa um um það áhugaverða og skemmtilega sem verið er að starfa við í okkar fræðum. Í þeim anda hefur stjórn félagsins gert sitt besta eins og tími hefur leyft til að miðla fróðleik um hluti tengda upplýsingatækni í víðum skilningi og mér sýnist að nokkuð vel hafi tekist til í heildina.

Við þetta er svo því að bæta að eftir að hafa starfað sem varamaður í stjórn, stjórnarmaður og loks sem formaður Félags tölvunarfræðinga síðustu þrjú starfsár þess, alls níu ár, hef ég ákveðið að draga mig í hlé og gefa ekki kost á mér við formannskjör á eftir. Ég hef haft afskaplega gaman af þessu starfi og hef átt margar góðar stundir með núverandi stjórn og fyrri stjórnnum en held að ég hafi skilað því sem ég get og að nú sé mál að aðrir taki keflið. Afskaplega góður andi hefur ríkt í þessu starfi undantekningarlaust og er ég sannfærður um að svoleiðis verður það áfram.


Ég þakka stjórninni fyrir afskaplega ánægjulegt samstarf undanfarin ár og óska nýrri stjórn og nýjum formanni alls hins besta. Ég mun áfram taka þátt í starfinu og aðstoða eins og ég get verði eftir því óskað.

Takk fyrir.

Ólafur Tr. Þorsteins, fráfarandi formaður FT.



# Viðhengi II – ársreikningar FT – 2010-2011 – Svavar Svavarsson:



## Félag tölvunarfræðinga

Aðalfundur

19. maí 2011

Salur verkfræðingafélagsins Engjategi 9

Dagskrá verður samkvæmt lögum félagsins

1. Skýrsla um störf félagsins á liðnu starfsári.
2. Reikningsskil.
3. Lagabreytingar.
4. Kosning stjórnar og varamanna.
5. Kosning skoðunarmanna.
6. Ákvörðun félagsgjalda.
7. Önnur mál.

**Rekstrarreikningur**  
**1. apríl 2010 - 31. mars 2011**

**Tekjur**

Félagsgjöld 2010 2011	555.000
Félagsgjöld 2009-2010 (fjöldi)	90.000
Ráðstefna aðgangseyrir	3.500
Vextir	133.737
<b>Samtals tekjur</b>	<b>782.237</b>

**Gjöld**

Aðalfundur 2010	67.368
Almennir félagsfundir	121.779
Bankakostnaður	19.745
Kjarakönnun 2010	513.295
Internet og samskipti	15.439
Skattar	24.069
Ráðstefna	0
Stjórn	188.390
<b>Samtals gjöld</b>	<b>950.085</b>

**Afkoma ársins** **-167.848**

**Efnahagsreikningur**  
**31. mars 2011**

**Eignir**

Aðalreikningur (401510)	38.081
Félagsgjöld (408086)	192.617
Sparireikningur (400990)	538.453
Verðbréfareikningur (105106)	1.904.314
Sparireikningur (601680)	192.472
Félagsgjöld 2010 - 2011	555.000
<b>Samtals eignir</b>	<b>3.420.937</b>

**Skuldir og eigið fé**

Skuldir	46.620
Eigið fé	3.374.317
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>3.420.937</b>

**Höfuðstóll**

Höfuðstóll 31.3.2010	3.542.165
Hagnaður (tap) ársins	-167.848
<b>Höfuðstóll 31.3.2011</b>	<b>3.374.317</b>

#### Áritun stjórnar

  
Ólafur Tr. Þorsteinsson  
Formaður

  
Svavar G. Svavarsson  
Gjaldkeri

#### Ársreikningur Félags tölunarfræðinga

#### Áritun skoðunarmanna

Við höfum endurskoðað ársreikning Félags tölunarfræðinga fyrir starfsárið 2010-2011. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Við endurskoðunina voru gerðar þær kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum sem við töldum nauðsynlegar. Það er álit okkar að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög og samþykktir félagsins og gefi glögga mynd af rekstri félagsins á starfsárinu.

Efnahagsreikningur 31.3.2011  
Rekstrarreikningur 1.4.2010 – 31.3.2011

  
Kjartan R. Guðmundsson

  
Ívar Gunnarsson

### Yfirlit síðustu 10 ára

Tekjur	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Félagsgjöld	660.000	726.000	974.750	1.319.500	1.258.250	1.172.500	381.500	1.289.750	2.062.500	1.062.000	645.000
Vextir	60.757	72.366	59.775	40.448	50.272	111.602	231.528	300.849	410.581	257.534	133.737
Aðrar tekjur	12.858	12.646	0	992.776	0	0	0	0	0	356.693	3.500
<b>Samtals tekjur</b>	<b>733.615</b>	<b>811.012</b>	<b>1.034.525</b>	<b>2.352.724</b>	<b>1.308.522</b>	<b>1.284.102</b>	<b>613.028</b>	<b>1.590.599</b>	<b>2.473.081</b>	<b>1.676.227</b>	<b>782.237</b>



Gjöld	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Samskipti við félagsmenn	85.222	111.444	170.428	187.423	169.336	156.013	222.536	244.638	53.868	23.218	15.439
Almennir félagsfundir	45.108	89.757	62.594	123.369	141.709	107.505	0	82.947	122.620	79.047	121.779
Aðalfundur	58.445	72.411	58.817	46.122	43.327	28.688	35.200	13.500	61.588	33.331	67.368
Kjarakönnun	300.000	311.250	477.075	404.332	506.814	460.800	49.604	1.101.140	878.970	0	513.295
Stjórn	71.000	71.400	90.905	122.285	7.600	64.030	0	69.810	121.918	122.303	188.390
Annað	6.622	10.553	6.215	853.100	552.420	16.134	25.589	163.095	273.901	1.170.969	44.004
<b>Samtals gjöld</b>	<b>566.397</b>	<b>666.815</b>	<b>866.034</b>	<b>1.736.631</b>	<b>1.421.206</b>	<b>833.170</b>	<b>332.929</b>	<b>1.675.130</b>	<b>1.512.865</b>	<b>1.428.868</b>	<b>950.275</b>

Hagnaður	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
<b>Hagnaður</b>	<b>167.218</b>	<b>144.197</b>	<b>168.491</b>	<b>616.093</b>	<b>-112.684</b>	<b>450.932</b>	<b>280.099</b>	<b>-84.531</b>	<b>960.216</b>	<b>247.359</b>	<b>-168.038</b>

Eignir	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Bankareikningar	1.171.993	1.420.628	1.667.711	2.340.589	2.184.510	2.895.920	2.419.121	3.399.125	3.960.404	3.611.680	3.423.747
<b>Samtals eignir</b>	<b>1.171.993</b>	<b>1.420.628</b>	<b>1.667.711</b>	<b>2.340.589</b>	<b>2.184.510</b>	<b>2.895.920</b>	<b>2.419.121</b>	<b>3.399.125</b>	<b>3.960.404</b>	<b>3.611.680</b>	<b>3.423.747</b>

Skuldir	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
<b>Skuldir</b>	<b>300.000</b>	<b>404.438</b>	<b>483.030</b>	<b>539.815</b>	<b>496.420</b>	<b>756.898</b>	<b>0</b>	<b>1.064.535</b>	<b>662.057</b>	<b>69.515</b>	<b>46.620</b>

Eigið fé	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
<b>Eigið fé</b>	<b>871.993</b>	<b>1.016.190</b>	<b>1.184.681</b>	<b>1.800.774</b>	<b>1.688.090</b>	<b>2.139.022</b>	<b>2.419.121</b>	<b>2.334.590</b>	<b>3.298.347</b>	<b>3.542.165</b>	<b>3.377.127</b>



# Viðhengi III – Lög FT – síðast breytt á aðalfundi FT 2003

## Lög Félags tölvunarfræðinga

Síðast breytt á aðalfundi maí 2003

---

### 1. gr.

Félagið heitir Félag tölvunarfræðinga og hefur heimili og varnarþing í Reykjavík

---

### 2. gr.

Markmið félagsins er:

1. Að gæta sameiginlegra hagsmuna félagsmanna.
  2. Að vera í forsvari fyrir félagsmenn gagnvart innlendum og erlendum aðilum á sviðum tengdum störfum félagsmanna.
  3. Að efla þekkingu félagsmanna.
  4. Að efla tengsl og kynni félagsmanna.
- 

### 3. gr.

Félagið vinnur að markmiði sínu m.a. með því:

1. Að halda fundi um áhugamál félagsmanna.
  2. Að standa fyrir námskeiðum og erindaflutningi.
  3. Að hafa tengsl við samtök háskólamenntaðra manna héraðs og erlendis.
  4. Að kynna tölvunarfræðina og tölvunarfræðinga fyrir utanaðkomandi aðilum.
- 

### 4. gr.

Þeir sem ljúka B.S. prófi eða æðri gráðu í tölvunarfræðum frá íslenskum háskóla verða sjálfkrafa félagsmenn við útskrift. Jafnframt geta aðrir sem lokið hafa sambærilegu prófi úr viðurkenndum háskóla, að mati stjórnar orðið félagsmenn. Mat þetta skal byggt á reglum sem samþykktar hafa verið af félagsmönnum á aðalfundi. Félagsmaður er undanþeginn greiðslu félagsgjalda fyrsta árið sem hann er í félaginu.

Félagsmenn skulu greiða félagsgjald skv. ákvörðun aðalfundar hverju sinni. Félagsgjald skal greitt fyrir september ár hvert. Þeir félagsmenn sem búsettir eru erlendis vegna náms eða starfa skulu greiða hálf félagsgjald. Félagsmenn eldri en 65 ára og heiðursfélagar skv. 6. gr. skulu undanþegnir greiðslu félagsgjalds.

Hjón eða sambúðarfólk sem bæði eru skráð í félagið skulu borga hálf félagsgjald hvort.

---

### 5. gr.

Félagsmaður skal hlíta siðareglum félagsins. Siðareglur félagsins eru hluti af lögum þess.

Siðareglur Félags tölvunarfræðinga:

1. Félagar skulu starfa heiðarlega.
2. Félagar skulu starfa af faglegri ábyrgð.
3. Félagi sem tekur að sér verk fyrir verkkaupa er óheimilt að taka við þóknun eða fríðindum

- frá þriðja aðila í sambandi við verkið, nema samþykki verkkaupa komi til.
4. Félagar skulu ekki nota neinar trúnaðarupplýsingar frá vinnuveitanda eða skjólstaðingi, núverandi eða fyrrverandi án þess að fá leyfi til þess.
  5. Félagar ættu að auka faglega færni sína sem mest á hverjum tíma.
  6. Félagar eru hvattir til að auka orðstír félagsins.
  7. Félagar eru hvattir til að miðla faglegri reynslu á vettvangi félagsins.
- 

#### **6. gr.**

Félagsfundur getur að tillögu stjórnar kosið heiðursfélaga, menn sem leyst hafa af hendi mikilsverð störf á sviði tölvunarfræði. Til að samþykkja tillöguna þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða.

---

#### **7. gr.**

Greiði félagsmaður ekki félagsgjald sitt í tvö ár er stjórn félagsins heimilt að skoða slíkt sem úrsögn úr félaginu, en áður en til þess kemur skal stjórnin senda viðkomandi áskorun um greiðslu ógreiddra félagsgjalda. Greiði nýr félagsmaður ekki félagsgjald sitt í fyrsta sinn er heimilt að líta á það sem úrsögn. Óski félagsmaður þess að segja sig úr félaginu skal hann gera það skriflega til stjórnar.

Brjótí félagsmaður ítrekað eða verulega gegn lögum félagsins er stjórn þess heimilt að víkja manni úr félaginu. Stjórn félagsins skal jafnan senda félagsmanni sem gerst hefur brotlegur áminningu fyrst. Félagsmanni er heimilt að skjóta ákvörðun stjórnar til félagsfundar.

---

#### **8. gr.**

Félagsfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfund skal halda fyrir lok maímánaðar árlega. Aðalfund og félagsfundur skal boða skriflega með 14 daga fyrirvara hið minnsta. Skulu lög félagsins send félagsmönnum með aðalfundarboði. Félagsfundur er lögmatgur sé löglega til hans boðað og ræður fjöldi atkvæða úrslitum mála, nema annars sé getið í lögum þessum. Atkvæðisrétt hafa skuldlausir félagsmenn.

Stjórnin skal halda félagsfund ef tíundi hluti félagsmanna æskja þess skriflega. Skal hann haldinn innan eins mánaðar. Lagabreytingar skulu einungis vera teknar fyrir á aðalfundi.

---

#### **9. gr.**

Þessi mál skulu tekin fyrir á aðalfundi í eftirfarandi röð:

1. Skýrsla um störf félagsins á liðnu starfsári.
  2. Reikningsskil.
  3. Lagabreytingar.
  4. Kosning stjórnar og varamanna.
  5. Kosning skoðunarmanna.
  6. Ákvörðun félagsgjalda.
  7. Önnur mál.
- 

#### **10. gr.**

Um kosningu til trúnaðarstarfa fyrir félagið skulu gilda eftirfarandi reglur:

1. Kjósa skal leynilegri skriflegri kosningu.
2. Embættisgengi hafa allir skuldlausir félagsmenn.
3. Kjörtímabil er til næsta aðalfundar.
4. Kosning skal vera bundin.
5. Þegar kosið er um fleiri en eitt embætti í einu skal fjöldi nafna á kjörseðli ekki vera umfram

fjöldi embætta sem kosið er um. Þeir sem flest atkvæði fá teljast réttkjörnir.

---

**11. gr.**

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum. Kjósa skal formann sérstaklega, en aðra sameiginlega. Tvo varamenn skal kjósa sameiginlega. Stjórnin skiptir með sér verkum, en störfin eru: Gjaldkeri, ritari, formaður kjaranefndar og menntari. Ritari gegnir störfum formanns í fjarveru hans.

Formaður boðar til stjórnarfundar. Skylt er að halda stjórnarfundum ef stjórnarmaður gerir um það kröfu. Gerðir stjórnarinnar skulu bókaðar.

---

**12. gr.**

Á aðalfundi skal kjósa tvo skoðunarmenn. Skoðunarmenn skulu fara yfir reikninga félagsins og staðreyna hvort ársreikningur sé gerður í samræmi við góða bókhaldsvenju. Við þessa vinnu sína skulu skoðunarmenn kanna bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti er varða rekstur þess og stöðu. Þá skulu skoðunarmenn kanna hvort reikningar séu í samræmi við ákvarðanir félagsfunda og stjórnar. Skoðunarmenn skulu árita ársreikninga félagsins um að endurskoðun hafi farið fram.

---

**13. gr.**

Stjórn félagsins ræður málefnum félagsins með þeim takmörkum sem lög þessi setja. Hún tekur nánari ákvarðanir um starfsemi félagsins og ber ábyrgð á fjárreiðum þess. Hún skuldbindur félagið gagnvart öðrum aðilum og er undirskrift formanns og gjaldkera nægileg til þess.

---

**14. gr.**

Innan félagsins skal starfa kjaranefnd sem hefur það hlutverk að safna upplýsingum um launa- og starfskjör félagsmanna. Nefndarmenn skulu vera tveir, skipaðir af stjórn félagsins. Formaður nefndarinnar skal vera einn stjórnarmanna.

---

**15. gr.**

Innan félagsins skal starfa siðanefnd sem hefur það hlutverk að kveða upp úrskurði um kærur sem berast vegna meintra brota á siðareglum félagsins. Siðanefnd hefur einnig heimild til að taka upp mál sem varða meint brot á siðareglum félagsins. Ritari félagsins er sjálfkrafa formaður nefndarinnar. Stjórn félagsins skipar 2 aðra aðila í nefndina. Komi upp sú staða að nefndarmaður í siðanefnd tengist meintu siðabroti skal hann skilyrðislaust víkja og annar skipaður í hans stað.

---

**16. gr.**

Stjórn félagsins er heimilt að stofna til annarra nefnda en að ofan greinir og jafnframt að fela fastanefndum önnur verkefni en um getur í [14.](#) og [15.](#) gr.

---

**17. gr.**

Reikningsár félagsins er frá 1. apríl til 31. mars.

---

**18. gr.**

Til þess að lagabreyting nái fram að ganga þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða.

---

**19. gr.**

Tillaga til slita á félaginu þarf samþykki 3/4 hluta greiddra atkvæða á aðalfundi. Ákveði aðalfundur að slíta félaginu skulu allar eigur þess, ef einhverjar eru, renna til tölvunarfræðiskorar HÍ.

---

**20. gr.**

Samþykktar lagabreytingar öðlist þegar gildi.

---